



KPMG ehf.
Borgartúni 27
105 Reykjavík

Sími 545 6000
Fax 545 6001
Veffang www.kpmg.is

Nefndasvið Alþingis
efnahags- og viðskiptanefnd
nefnasvid@althingi.is

Reykjavík, 22. mars 2019.

Umsögn KPMG ehf. um „frumvarp til laga um breytingu á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum (ríki-fyrir-ríki skýrslur)“, á þingskjalí 1041 – 635. mál.

Í tölvuskeyti nefndasviðs Alþingis þann 11. mars 2019 er KPMG gefinn kostur á að veita umsögn um framangreint frumvarp til laga. KPMG hefur kynnt sér frumvarpið og sér ástæðu til að koma á framfæri eftirfarandi athugasemd.

Í g-lið og h-lið 1. gr. frumvarpsins er lagt til að samstæðufélög tilkynni ríkisskattstjóra fyrir lok reikningsárs samstæðunnar hvort það sé móðurfélag samstæðunnar eða staðgöngufélags þess, og ef hvorugt á við hvaða félag innan samstæðunnar muni skila ríki-fyrir-ríki skýrslu og í hvaða ríki það félag sé heimilisfast.

KPMG telur óraunhæft að gera kröfu um tilkynningar þessar fyrir lok reikningsárs, af þeirri einföldu ástæðu að það er ekki fyrr en að reikningsárinu liðnu sem fyrir liggur hvaða félag mynda samstæðuna í lok reikningsársins. KPMG leggur til að í stað orðanna „fyrir lok reikningsárs“, í g-lið og h-lið 1. gr. frumvarpsins, komi orðin: innan mánaðar frá lokum reikningsárs.

Virðingarfyllst,

KPMG ehf.